



Hafnarfirði 12. Mars 2018

Þann 13/9 2017 lagði Hjördís Birgisdóttir fram umsókn fyrir Dis 12 ehf um breytingar á hámarkshæð á hluta fyrirhugaðrar byggingar félagsins við Strandgötu 9. Eftirfarandi kom fram í fundargerð við afgreiðslu málsins.

„Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingafulltrúa þann 27. sept. s.l. var lagt fram erindi Hjördísar Birgisdóttur dags. 13.09.2017 um breytingar á hámarkshæð á hluta byggingar. Afgreiðslufundurinn vísaði erindinu til skipulags- og byggingarráðs. Skipulags- og byggingarráð óskar eftir umsögn skipulagsfulltrúa um erindið.“

Undanfarin misseri hefur mikið verið unnið í skipulagi miðbæjarins og niðurstöður þeirra vinnu beðið með tillökkun. En burt séð frá þeirri vinnu og hvernig framtíðar skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar kemur til með að líta út er enn í gildi deiliskipulag frá 19.10.2001 og miða við þá staðreynd vill undirritaður benda á eftirfarandi máli sínu til stuðnings og ósk um jákvæðar undirtektir við málaletan þessari.

1. Strandgata nr.13 er samkvæmt gildandi skipulagi, byggingarleyfi fyrir þriggja hæða byggingu með flötu þaki. Ásýnd er frá Strandgötu.
2. Austurgata 4A og 8, byggingarleyfi fyrir tvær hæðir kjallara og ris. Þessi ásýnd er frá Austurgötu. Ef ásýndin er frá „Ráðhústorgi“ er byggingarleyfið þrjár hæðir og ris
3. Austurgata 10, byggingarmagn tvær hæðir, kjallari og ris. Þessi ásýnd er frá Austurgötu. Byggingarmagn með ásýnd frá „Ráðhústorgi“ yrði skilgreind þrjár hæðir og ris.

Tillaga að breytingu við Strandgötu 9 gerir ráð fyrir eftirfarandi.

Viðbyggingin verði tvær hæðir og port ris á hluta byggingar. Vegghæð á stærstum hluta byggingar verður 7,6m, en mænishæð á risi yrði 10,1m, til samræmis við aðlyggjandi byggingar.

Vardandi nýtingarhlutfall og aðrar upplýsingar er vísað í fylgiskjal móttækið af Hafnarfjarðarbæ 13.sept 2017 Málsnúmer 1709517

Virðingafyllst